3. júní 2020
*2005169*

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 27. maí 2020, óskaði fjárlaganefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um opinber fjármál (samhliða framlagning mála á samkomudegi reglulegs Alþingis haustið 2020), mál 842.

Horfur eru á snarpri niðursveiflu í efnahagsumsvifum í ár og ljóst að töluverð óvissa ríkir um efnahagshorfur. Sveiflujöfnun er innbyggður eiginleiki fjármálastefnunnar og því er afkoma ríkissjóðs mjög háð þróun hagsveiflunnar. Mikil óvissa gerir gerð nýrrar fjármálaáætlunar og –stefnu mjög vandasama og því er seinkun framlagningar við hæfi.

Fjallað er um áhrif efnahagssamdráttarins á afkomu hins opinbera í nýútkomnum *Peningamálum*. Þar er einnig farið yfir efnahagslegt umfang þeirra aðgerða sem stjórnvöld hafa gripið til að milda efnahagsáfallið. Að öðru leyti gerir bankinn ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson
aðalhagfræðingur